

Hvað er gert í skoðunum í meðgönguverndinni?


Markmið meðgönguverndar er að:

- stuðla að heilbrigði móður og barns.
- veita faglega umönnun, stuðning og ráðgjöf.
- greina áhættuþætti og bregðast við þeim
- veita fræðslu um meðgöngu og fæðingu.

Meðgönguvernd fer fram á öllum heilsugæslustöðvum og er þjónustan ókeypis. Meðgönguverndin er í höndum ljósmæðra í samvinnu við heilsugæslulækna. Samvinna er á milli þeirra og fæðingarlækna á mæðravernd Próunarstofu Heilsugæslunnar. Reynt er að sjá til þess að sama ljósmóðirin annist konuna/verðandi foreldra alla meðgönguna.




Í meðgönguverndinni gefst tækifæri til umræðna og spurninga (t.d. um líðan, mataræði, hreyfingu, skimanir á meðgöngu, fósturrannsóknir, þjónustu sem er í boði á meðgöngu, val á fæðingarstað, fæðinguna, bjargráð í fæðingu, fæðingarorlof, brjóstagjöf og fleira).



Í fyrsta viðtali eru almennar upplýsingar um heilsufar skráðar ásamt fyrri meðgöngu- og fæðingarsögu ef við á. Boðið er uppá skimanir fyrir blóðleysi, lifrabólgu B, HIV, rauðum hundum, sárásótt og blóðflokun. Einnig eru boðnar upplýsingar um fósturskimun. Blóðþrýstingur er mældur ásamt hæð og þyngd, þvag skoðað og almenn líðan metin.

Upplýsingarnar eru skráðar í **mæðraskrá** sem fylgir konunni alla meðgönguna og í fæðinguna.

Frá 12. viku er hægt að hlusta eftir hjartslætti fóstursins og eftir 20. viku er stærð legsins mæld, frá lífbeini að legbotni (sjá rauðar örvar á mynd). Við 36. viku er lega barnsins metin.



Gert er ráð fyrir að fjöldi skoðana hjá frumbyrju í eðlilegri meðgöngu sé 10 en hjá fjölbyrju 7.

Þjónustan í meðgönguverndinni er einstaklingsmiðuð og þarfir konunnar/verðandi foreldra eru metnar hverju sinni.

Eldri systkini eru velkomin með í meðgönguverndina.